

6. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1998 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 520 20. desember 1993.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júlí 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 76.997.955,00 kr. á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 30.290.805,00 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 22,98 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnaði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnaðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnaði.

Fast gjald á mánuði = $F \times 11,60 \text{ kr/m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fast gjald á mánuði = $1.508 \text{ kr.} + (F-130) \times 6,98 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Peir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 86,35 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Peir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 115,42 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir 6 m³/klst.: 280 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6 m³/klst.: 502 kr/mán.

7. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald, 1.543 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 558.

8. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m ³	73.250 kr.
251-500 m ³	73.250 + 174,57 kr/m ³ yfir 250 m ³
501-1500 m ³	116.892 + 102,45 kr/m ³ yfir 500 m ³
1501-6000 m ³	219.342 + 65,73 kr/m ³ yfir 1500 m ³
yfir 6000 m ³	515.127 + 51,64 kr/m ³ yfir 6000 m ³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 55.206,00 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagjald. Mælagrindargjald er 16.698,00 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka er 3.344,00 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

9. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysluverðs í júlí 1998 sem er 183,6 stig.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1998 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 43 frá 12. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. júlí 1998.

F. h. r.

Þórður Friðjónsson.

Steinunn Bjarmann.